

Menningarnefnd

167. Fundur

10.október kl. 17 - 18:30, Átthagastofa Snæfellsbæjar

**Fundinn sátu:** Erla Gunnlaugsdóttir, Jón Kristinn Ásmundsson, Einar Magnús Gunnlaugsson, Ragnheiður Víglundsóttir og Rut Ragnarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Rut Ragnarsdóttir.

Dagskrá:

**Rebekka, verkefnastjóri Átthagastofu boðar menningarnefnd á fund til að ræða jólapakkahús og sýna drög að breytingum á Pakkhúsi.**

Menningarnefnd ákveður samróma að halda áfram jólapakkhúsi sem svipuðu sniði og hefur verið sl. ár. Bæði piparhúsakeppni og Jólahús Snæfellsbæjar verður á sínum stað og auglýst betur í nóvember. Jólasveinar mæta á svæðið og mun áherslan vera lögð á notalega stemmingu þar sem bæði börn og fullorðnir geta notið sín.

### **Jólaþorp 1. - 2.des**

Rætt var frekari skipulag varðandi jólaþorpið.

Verkefnastjóri áttahagastofu mun koma að verkefninu sem og markaðs- og upplýsingafulltrúi Snæfellsbæjar mun aðstoða með auglýsingagerð og markaðsefni.

Menningarnefnd

168. Fundur

24. október 2018 á veitingastaðnum Hrauni, Ólafsvík frá kl.12–13:30.

**Fundinn sátu:** Erla Gunnlaugsdóttir, Jón Kristinn Ásmundsson, Einar Magnús Gunnlaugsson, Ragnheiður Víglundsóttir og Rut Ragnarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Rut Ragnarsdóttir.

Dagskrá:

### **Erindir frá Leikhópnum Lottu.**

Leikhópurinn Lotta óskar eftir styrkveitingu vegna leiksýningar í Snæfellsbæ þann. 29 mars 2019. Menningarnefnd tekur vel í erindið. Þetta er vetrasýning og mun Leikhópurinn Lotta koma með nýtt efni í sumar. Óskað er eftir upphæð frá leikhópnum hvað varðar styrkuppþæð.

### **Jólateinleikar**

Hugljúfir tónleikar verða í Ólafsvíkirkirkju þann 29.nóvember. Söngkonan Guðrún Árný mun ásamt barnakór Snæfellsbæjar syngja jólin inn í Snæfellsbæ. Miðaverð mun vera kr. 1000,- sbr. Og síðustu ár.

### **Jólaþorp**

Rætt frekar um skipulag. Formaður mun kanna hvernig stætt er aa jólaskreytingum fyrir helgina.

Athugað með heimamenn til að koma fram með lifandi tónlist. Búið er að ræða við flesta kaup- og veitingarmenn bæjarins til að vera með og vel tekið í þetta framtak.

Sett niður listi yfir mataföng sem menningarnefnd mun koma til með að útvega s.s ristaðar möndlur, hitt kakó og jólaglögg.